

HREFNA – COMMON MINKE WHALE

Balaenoptera acutorostrata

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur að árlegar veiðar hrefnu árin 2018–2025 verði ekki meiri en 217 dýr á íslenska landgrunnssvæðinu.

MFRI advises that annual catch of common minke whales should be no more than 217 animals on the Icelandic continental shelf in 2018–2025.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hrefnu fjölgaði á íslenska landgrunnssvæðinu fram að síðustu aldamótum en hefur síðan fækkað mikið á því svæði. Tilfærslan innan stofnsvæðisins (Miðnorður Atlantshaf) er talin vera vegna breytinga á magni og útbreiðslu mikilvægra fæðutegunda s.s. sandsílis og loðnu.

Abundance of common minke whales increased up to 2001 but decreased thereafter. This change likely represents changes in distribution within the Central North Atlantic stock area, as a result of changed abundance and distribution of important prey species such as sandeel and capelin.



Hrefna. Veiðar og fjöldi á landgrunnssvæði Íslands ásamt 95% öryggismörkum.

Minke whale. Whaling, and abundance in the Icelandic continental shelf area with 95% confidence intervals.

GRUNNUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR THE ADVICE


Ráðgjöfin er byggð á úttektum vísindanefnda Norður-Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC).

The advice is based on assessments undertaken by the scientific committees of NAMMCO and IWC for common minke whales on the Icelandic shelf.

VEIÐAR – WHALING

Hrefnuveiðar hafa undanfarin ár verið langt innan ráðlagðs hámarksfjölda. Flestar hrefnur hafa verið veiddar í Faxaflóa utan afmarkaðs hvalaskoðunar-svæðis. Árið 2017 veiddust 17 hrefnur, þar af fjórar í utanverðum Skagafirði.

Minke whaling in recent years has been far below less the recommended catch limits. Most of the catches have been taken in Faxaflói (W-Iceland) outside the designated whale watching area. In 2017, a total of 17 minke whales were caught.



Hrefna. Veiðisvæði árin 2016 (rautt) og 2017 (blátt)
Minke whale. Hunting grounds in 2016 (red) 2017 (blue)

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Viðamikilli úttekt vísindanefndar Alþjóða hvalveiðiráðsins á hrefnustofnum Norður Atlantshafs lauk árið 2017. Slíkar úttektir fara fram á 6–8 ára fresti og miðast ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar því við tímabilið 2018–2025.

A detailed assessment of North Atlantic common minke whale stocks by the IWC completed in 2017. Assessments are made every 6–8 years and this management advice is therefore made for the period 2018–2025.

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

IWC 2017. Report of the Scientific Committee. Bled, Slovenia 9-21 May 2017. 143 bls.

NAMMCO 2017. Report of the 24th meeting of the Scientific Committee. Reykjavík 13-17 November 2017. North Atlantic Marine Mammal Commission. 188 bls.